

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2405  
komudagur 11/5. 2004

**Mannréttindaskrifstofa Íslands**

Laugavegi 7 - 101 Reykjavík.

Sími /Tel: 552 2720 - Fax: 552 2721 -


Slóðir: [www.mannrettindi.is](http://www.mannrettindi.is) og [www.humanrights.is](http://www.humanrights.is)

Netfang: [icehr@humanrights.is](mailto:icehr@humanrights.is)

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8 - 10,  
150 Reykjavík.

Hjálögð er umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000 og samkeppnislögum, nr. 8/1993. 974. mál, eignarhald á fjölmiðlum.

Virðingarfyllst,  
7. maí, 2004.



Margrét Heinreksdóttir, frkv.stj.  
Mannréttindaskrifstofu Íslands.

## ***Mannréttindaskrifstofa Íslands***

*Laugavegi 7 - 101 Reykjavík.*

*Sími /Tel: 552 2720 - Fax: 552 2721 –*

*Slódir: [www.mannrettindi.is](http://www.mannrettindi.is) og [www.humanrights.is](http://www.humanrights.is)*

*Netfang: [icehr@humanrights.is](mailto:icehr@humanrights.is)*

# **U M S Ö G N**

## **MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS**

### **UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á ÚTVARPSLÖGUM, NR. 53/2000 OG SAMKEPPNISLÖGUM, NR. 8/1993.**

Miðvikudaginn 5. júní sl. barst Mannréttindaskrifstofu Íslands – (hér eftir MRSÍ) frá allsherjarnefnd Alþingis ofangreint frumvarp til laga um breytingu á útvarps - og samkeppnislögum, 974. mál, eignarhald á fjölmiðlum. Því fylgdu tilmæli um að umsögn um það yrði skilað eigi síðar en 7. maí 2004, þ.e. eftir tvo daga. Frumvarpinu fylgdi greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi.

Þessi skammi frestur til umsagnar um svo viðamikið og mikilsvert mál er vísbinding um að nefndin hafi ekki áhuga á faglega unninni umsögn. Verður að gera ráð fyrir því að hún sé einungis að sækjast eftir vitneskju um það hvort umsagnaraðilar séu sammála frumvarpinu eða ekki, því vart verður ætlað að hún sendi þeim frumvarpið einungis til málamynda!

Það má því ljóst vera, að undirritaður framkvæmdastjóri MRSÍ sér ekki ástæðu til að eyða tíma sínum í að vinna umsögn um einstaka þætti þessa máls enda mundi sú vinna fela í sér að bera greinargerðina saman við þau alþjóðlegu gögn sem hún vísar til – auk þess sem víðar þyrfti að leita fanga en nefndin gerir um upplýsingar um stöðu þessara mála í hinum ýmsu löndum og um ráðstafanir sem þar hafa verið gerðar, árangur þeirra og afleiðingar. Greinargerðin er góð svo langt sem hún nær, einkum greining hennar á íslensku fjölmiðlaflórunni. Hugmyndir og röksemdir, sem koma fram í henni, eru einnig athyglisverðar og raunar þannig að hver og einn

getur fundið þar stuðning við eigin skoðanir og aðstæður. Enda þótt að greinargerðinni standi þryðilegir fræðimenn hlýtur það að vekja furðu, að ekki skuli hafa valist í nefndina sú manneskja sem mesta menntun hefur á sviði fjölmiðlafrelsis, þ.e. Dr. Herdís Þorgeirsdóttir, sem hefur varið mörgum árum til þess að kynna sér þessi mál.

Afstaða MRSÍ til frumvarpsins er að öðru leyti þessi:

Mannréttindaskrifstofa Íslands leggur áherslu á að frelsi fjölmiðla og þar með tjáningarfrelsi í landinu verði sem best tryggt. Sem stendur kann að vera álitamál hvort svo sé og kemur þar hvorutveggja til, samþjöppun eignarhalds á hinum svokallaða frjálsa fjölmiðlamarkaði og pólitísk afskipti af ríkisfjölmiðlunum. Væri því vafalaust fengur að aðgerðum til mótvægis en þær þyrftu þá að vera heildstæðar og gerðar að vel athuguðu máli.

Með hliðsjón af öllum þeim hugmyndum, sem fram koma í greinargerð nefndarinnar, m.a. með tilvísun í tilmæli Evrópuráðsins frá 1999, er frumvarpið ótrúlega einhliða og með öllu ófullnægjandi. Það tekur einungis á einum þætti, eignarhaldinu – og gengur þar afar langt í takmörkunum þess - en gerir ekki ráð fyrir öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum til að tryggja tjáningarfrelsi, sem er þó sagður tilgangur þess.

MRSÍ leggur til að frumvarpinu verði frestað til næsta þings; að skoðað verði og kannað rækilega af hinum ýmsu aðilum, m.a. þeim sem að fjölmiðlun standa, hvaða leiðir kunni að vera heppilegastar til að tryggja tjáningarfrelsi almennings í hinu fámenna íslenska samfélagi og síðan verði efnt til víðtækrar umræðu í þjóðfélaginu um þær tillögur sem af slíkri skoðun kunna að spretta. Það yrði lýðræðinu til styrktar að efla þannig almenna umræðu um þetta mikilvæga mál, sem skiptir sköpum fyrir framvindu og þróun þjóðmenningar, lýðfrelsis og góðra stjórnarháttá á Íslandi í framtíðinni.

Reykjavík, 7. maí 2004.  
f.h. Mannréttindaskrifstofa Íslands,  
Margrét Heiðreksdóttir, frkv.stj.